

# Eru glæpa menn geð- veikir?

*Frá stjórn Geðhjálpar:*

UNDANFARIÐ hafa nokkrir fjölmiðlar fullyrt að ákveðnir fjöldamorðingjar, jafnvel sumir einræðisherrar, hljóti að vera geðveikir. Til að lýsa þeim eru notuð orð eins og geðveikur, sturlaður eða brjálaður.

Geðhjálp mómælir þessari greiningu. Fyrir hönd geðsjúklinga vill stjórn Geðhjálpar minna á að fáir glæpir stafa af geðsjúkdómum, enda eru glæpamenn sjaldan úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðsjúkdóms.

Það er ekki merki um sturlun að glæpurinn er alvarlegur. Það er ekki rétt að glæpamaður „hljóti að vera geðveikur“ og glæpur hans merki um sjúkdóm einungis vegna þess að brot hans er óhugnanlegt og óskiljanlegt.

Af tillitssemi við þá sem þjást af geðveiki er mælt til þess að þeir verði ekki bendlaðir við glæpamenn nema nákvæm sjúkdómsgreining liggi fyrir.

Með vinsemd og virðingu,  
fyrir hönd stjórnar Geðhjálpar,  
PÉTUR HAUKSSON,  
formaður  
INGÓLFUR H. INGÓLFSSON,  
framkvæmdastjóri.